

## Fundargerð 148. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 19. nóvember 2020 kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Samúel Ingvason, Sigurður Gunnar Benediktsson, Pétur Freyr Jónsson, Einar Sveinn Kristjánsson, Sigurður Jóhann Erlingsson, Svanur Gunnsteinsson, Kristmundur Skarphéðinsson og Agnar Ólason.

### Dagskrá :

#### 1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 147

Fundargerð samþykkt en beðið með undirritun.

#### 2. Staða kjaramála.

Búið að kjósa um tvo samninga síðan síðast, Hafró samningurinn samþykktur með yfirgnæfandi meirihluta, en það kom fram á síðasta fundi, samingurinn gildir út mars 2023, hins vegar gengur hægt að gera stofnanasamninginn. Gæslan skrifað undir 6. okt. Hann fór síðan í kosningu og var samþykktur með yfirgnæfandi meirihluta, þar er líka búið að gera stofnanasamning. Skrifað hefur verið undir við Ísal en sá samningur gildir bara til 31. maí á næsta ári, verið er að byrja á samningi við Kerfóðrun. Í Ísal samningnum er talað um vinnutímastyttingu og hana á að fara að ræða í febrúar svo þetta er stutt pása. Samningurinn sem skrifað var undir var þannig að iðnaðarmenn voru sér og VR og Hlíf sér. Kjørsókn hjá iðnaðarmönnum var 90% og 90% samþykktu. Samningurinn er svipaður lífskjarasamningnum eins og orkufyrirtækin fengu. Selfossveitur ætla að tala við okkur í gegnum sáttasemjara og er fundur á þriðjudaginn. Mesti tíminn hefur farið í Ísal samninginn í þessari törn en mikill tími farið í fiskimennina líka þó svo að aðeins sé búinn einn fundur. SFS er mjög til í að skrifa undir samning svo framalega sem að það sé engin kostnaður. Stéttarfélögin eru að funda og formaður sagði að sér sýndist að menn ætluðu að reyna að vera í takt.

#### 3. Starfsmannamál.

Formaður sagði frá því að búið væri að ráða inn starfsmann til að sinna Sjúkrasjóðnum. Formaður sagði frá því að eitt af því sem hefur fengið að sitja á hakanum aðeins of lengi er uppfærsla á kjarasamningum. Óskar hann eftir því að fá að ráða starfsmann tímabundið í að uppfæra þessa samninga, þ.e. að vera í samskiptum við fyrirtækin og klára. Talaði um að reyna að klára þetta fyrir miðjan febrúar. Spurt var hvort við værum með einhvern í huga og sagði formaður það ekki vera. Spurt var hvort ekki sé hægt að láta viðkomandi uppfæra heimasíðuna í leiðinni. Formaður sagði að byrjað væri að vinna í uppfærslu á heimasíðunni. Kristmundur talaði um að við ættum ekki að skrifa undir kjarasamning fyrr en hann er fullmótaður, hafa það í huga framvegis. Samþykkt af öllum að leita að manni í verkefnið.



#### 4. Styrkir og jólagjafir

Formaður ræddi styrki til hjálparsamtaka og setti upp skjal sem sýnir hvað hefur verið styrkt síðastliðin 3 ár. Formaður lagði til að í ár myndum við bara styrkja Hjálparstarf kirkjunnar því þeir eru um allt land. ASÍ hvatti félögin til að setja meira í svona styrki þetta árið vegna aðstæðna í þjóðfélaginu. Ákveðið að styrkja Hjálparstarf kirkjunnar um 1.000.000,-

#### 5. Önnur mál.

- Formaður sagði frá því að Halldór Grönvold lést í gær eftir baráttu við bráðahvítblæði.
- Sagt var að kjarakönnunin virtist fara illa í suma sérstaklega menn sem fengu sendan póst á pólsku. Þarf að vanda þetta betur.
- Á mánudaginn hefjast sjópróf í mál Júlíusar Geirmundssonar. Lögmaðurinn okkar er einn af þremur lögmönnum áhafnarinnar.

Fundi slitið kl. 12:12